

Erindisbréf

fyrir

endurskoðunar- og áhættunefnd Sparisjóðs Þingeyinga

Skipun endurskoðunar- og áhættunefndar

Endurskoðunarnefnd starfar skv. 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Áhættunefnd starfar skv. 78. gr. laga nr. 161/2002 þar sem kveðið er á um að fjármálafyrirtæki skuli starfrækja áhættunefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum.

Stjórn Sparisjóðs Þingeyinga hefur, skv. heimild í 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002, sameinað störf endurskoðunar- og áhættunefndar. Stjórn sparisjóðsins ákveður þóknun nefndarmanna og skal hún endurskoðuð árlega.

Nefndarskipan

Nefndarmenn skulu vera óháðir* endurskoðanda eða endurskoðendum sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Nefndarmaður er bundinn þagnarskyldu um allt það sem hann fær vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna og starfsmanna sparisjóðsins og önnur málefni, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Nefndarmaður er ábyrgur fyrir því að tryggja að þær upplýsingar sem hann fær í hendur, sem eru trúnaðarmál, verði ekki dreift eða komist í hendur annarra.

Endurskoðunar- og áhættunefnd skiptir með sér verkum og skipar formann, varaformann og ritara. Heimilt er að skipa ritara utan nefndarinnar, t.d. starfsmann eða innri endurskoðanda sparisjóðsins.

Hlutverk og tilgangur endurskoðunar- og áhættunefndar

Endurskoðunar- og áhættunefnd (hér eftir „nefndin“) leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga til að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinga og störf endurskoðenda. Nefndin skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn sparisjóðsins m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja sjóðsins.

Þá skal nefndin einnig hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar Sparisjóðs Þingeyinga, stjórnenda sjóðsins eða annarra:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.

4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
6. Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál sjóðsins.
7. Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
8. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.
9. Yfirfara reglulegar skýrslugerðir stjórnenda til stjórnar, kanna skýrslugjöf sparisjóðsins til Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands og yfirfara bréfaskriftir sjóðsins og eftirlitsaðila.
10. Eftirlit með að starfskjarastefna sjóðsins samræmist áhættustefnu hans.
11. Eftirlit með að kjör á innlánnum og útlánnum samræmist áhættustefnu sjóðsins.
12. Eftirlit og umfjöllun um einstaka útlánaáhættur.
13. Eftirlit og umfjöllun með reglum sjóðsins.

Fundir

Nefndin skal halda að lágmarki 8 fundi á ári og þar af:

1. Minnst einn fund í tengslum við gerð ársreiknings sparisjóðsins
2. Minnst einn fund hverju sinni ef gerð eru ársfjórðungs- eða hálfársreikningsskil.
3. Minnst einn fund vegna áhættustýringar og útlánaáhættu.
4. Minnst einn fund með innri endurskoðanda

Í upphafi hvers árs gerir nefndin áætlun um nefndarfundi ársins, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum sjóðsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

Formaður boðar til fundar. Ritari nefndarinnar sér um að fundir séu færðir til bókar, fundargerð send með tölvupósti til nefndarmanna og kallað eftir athugasemdum og/eða samþykki frá nefndarmönnum innan við viku frá fundinum. Á næsta fundi er fundargerð staðfest.

Samskipti við stjórn

Nefndin skilar a.m.k. árlega skýrslu um störf sín til stjórnar sjóðsins og verkefnaáætlun fyrir komandi ár, sem stjórnin fer yfir og samþykkir. Í skýrslum til stjórnar skal meðal annars fjalla um samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferlum við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings.

Fyrirhuguð kaup nefndarinnar á ráðgjafapjónustu skulu kynnt og rökstudd bréflaga fyrir stjórnarformanni sparisjóðsins.

Samskipti við ytri og innri endurskoðendur

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er.

Samskipti við starfsmenn sjóðsins

Nefndinni er heimilt að kalla til starfsmenn sjóðsins til að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar vegna starfa sinna og skulu allar upplýsingar lagðar fram fyrir alla nefndarmenn.

Samþykkt á stjórnarfundum Sparisjóðs Þingeyinga 21.5.2025

Formaður stjórnar

Lagt fram á fundi endurskoðunar- og áhættunefndar Sparisjóðs Þingeyinga

____.08.2025

Formaður endurskoðunar- og áhættunefndar

*Hér er átt við óhæði eins og það er skilgreint í leiðbeiningum um stjórnunarhætti fyrirtækja, sjá bls. 15-17 í 3. Útgáfu leiðbeininganna.